

215. fundur skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurlands – haldinn 11. mars 2022 kl. 11:00

Mætt: Geirmundur Sigurðsson (fulltrúi foreldra á Teams), Guðríður Egilsdóttir (fulltrúi kennara á Teams), Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir (formaður), Jón G. Valgeirsson (varaformaður á Teams), Olga Lísu Garðarsdóttir (skólameistari), Samúel Örn Erlingsson (á Teams), Sigríður Anna Guðjónsdóttir, Sigurður Einar Guðjónsson og Sigursveinn Sigurðsson (aðstoðarskólameistari) og Sólbjörg Lind Björgvinsdóttir (fulltrúi nemenda á Teams).

Gestir: Björgvin E. Björgvinsson (áfangastjóri) og Haraldur Eiríksson (fjármálastjóri).

1. Fundargerð síðasta fundar rædd/samþykkt.

Fundargerð síðasta fundar staðfest með undirskrift fundarmanna á staðnum án athugasemda. Aðrir fundargestir skrifa undir á næsta fundi.

2. Tölfræði vorannar – BEB

Áfangastjóri fór yfir ýmsar tölur sem tengjast skólastarfinu á vorönn, svo sem kynjaskiptingu nemenda í dagskóla, fjölda á einstaka brautum, fjölda nemenda með erlent ríkisfang og dreifingu nemenda eftir póstnúmerum lögheimilis. Ýmis atriði þessu tengt rætt, svo sem stærð komandi árganga á svæðinu og fjölda nemenda með erlendan bakgrunn í sveitarfélögum á svæðinu. Lagt til að birta næst einnig tölur sem tengjast nemendum í kvöldskóla og grunnskóla sem stunda nám við skólann.

3. Staðan á vinnu við yfirfærslu náms frá Reykjum í FSu – OLG

Skólameistari kynnti stöðu mála við yfirfærslu garðyrkjúnámsins til FSu.

Hefur verið fundað nokkuð þétt undanfarna daga. Skólameistari sendi póst til ráðuneytisins sem kom hreyfingu á málín.

Til stendur að bjóða upp á nám á sex brautum í garðyrkju og tengdum greinum frá og með nk. hausti. Innritun hefst 15. mars á menntagatt.is

Ákveðið var að breyta ekki skipulagi námsins heldur að keyra það eins og hefur verið, þ.e. að miða við tvö ár í staðnámi og fjarnám á hálfum hraða. Fyrirkomulag kennslunnar er einnig með þeim hætti að við teljum skynsamlegt, a.m.k. til að byrja með, að breyta ekki þessu skipulagi. Þá er einnig óvíst um áhuga yngri nemenda á náminu og gefst okkur nú tækifæri og tími til að kynna það vel fyrir þeim aldurshópi.

Húsnæðismálin eru einnig í mikilli óvissu, sumar af þeim byggingum sem hafa verið notaðar við nám og kennslu, eru í raun ónýtar. Við höfum lagt áherslu á að FSu taki við umsjón og yfirráðum við því húsnæði og útisvæði sem nauðsynlegt er að nota fyrir nám og kennslu að Reykjum.

Skólameistari hefur sent ráðuneytinu drög að samningi við ráðuneytið um tilfærsluna þar sem áhersla er lögð á þau atriði sem skipta máli fyrir garðyrkjunámið á Reykjum.

Jóhanna lýsti yfir ánægju með þá vinnu sem er nú í gangi varðandi þessi mál.

Samúel Örn lýsti einnig yfir ánægju með þá ákvörðun að breyta ekki skipulagi námsins en lýsti áhyggjum sínum af stöðu húsnæðisins á svæðinu.

Jón lýsti yfir ánægju með þessa vinnu. Þá tók hann einnig fram að sveitarfélögin sem standa á bak við skólann geti ekki lagt mikið fjármagn í húsaframkvæmdir að Reykjum. Lagði áherslu á að skólameistari hefði samband við skólanefnd og sveitarfélögin áður en ákvarðanir í þeim málum verða teknar.

4. Kynningarmál – SMS

Aðstoðarskólameistari sagði stuttlega frá kynningarmálum skólans.

Kynningarsíða á heimasíðu skólans hefur nú verið opnuð en þar má meðal annars finna myndbönd sem voru gerð fyrir áramót til að kynna hinar ýmsu brautir sem í boði eru við skólann. Til stendur að fjölga þeim í náinni framtíð.

Náms- og starfsráðgjafar verða með kynningar fyrir nemendur í 10. bekk innan skamms og er það aðeins seinna á önninni en áður og tengist það breytingum á innritun þeirra en forinnritun hefur nú verið lögð af.

Opið hús verður þriðjudaginn 5. apríl nk. en þá er 10. bekkjum á Suðurlandi, og aðstandendum þeirra, boðið í skólann til að kynna sér námsframboðið og húsnæði skólans.

Skólinn mun kynna garðyrkjunámið með ýmsum hætti, ekki síst til að vekja athygli á þeirri breytingu sem mun eiga sér stað, þ.e. að námið færist til FSu.

5. Fjárhagsstaðan við árslok 2021 – HE

Fjármálastjóri sagði frá fjárhagsstöðunni við árslok 2021. Í byrjun desember leit út fyrir umtalsverðan halla á árinu en að lokum var niðurstaðan sú hallinn er um 30 milljónir á árinu. Ýmsar ástæður voru fyrir því. Sem dæmi má nefna að mun fleiri nemendur voru á starfsbraut, rekstur náms í fangelsum var þungur á árinu og þá er talsverður fjöldi kennara við skólann með kennsluafslátt vegna aldurs og er ekki gert ráð fyrir því sérstaklega í framlögum til skólans. Rekstur ársins 2022 fer betur af stað og er reksturinn innan áætlunar.

6. Ytra mat á FSu – OLG, o.fl.

Skólameistari sagði frá ytra mati á FSu sem fór fram á haustönn. Unnið af Margréti Friðriksdóttur og Unnari Erni Þorsteinssyni. Lokaskýrslan er tilbúin en hefur þó ekki verið birt opinberlega. Fundarmenn sammála um að matið sé jákvætt fyrir skólann.

Jóhanna mun skrifa grein um helstu niðurstöður skýrslunnar og vekja athygli á því góða starfi sem þar er nefnt. Lagt til að nefna einnig viðbrögð skólans við skýrslunni.

7. Önnur mál

a. Dagatal næsta skólaárs

Skólameistari kynnti skóladagatal næsta vetrar.

b. Félagslíf nemenda

Formaður nemendafélagsins sagði frá helstu viðburðum sem tengjast félagslífi nemenda á vorönninni. Flóafár og Kátir dagar voru í síðustu viku og var almenn ánægja meðal nemenda með þessa viðburði. Söngkeppnin verður haldin þriðjudaginn 15. mars í Iðu og hafa 450 miðar verið seldir. Árshátíðin verður haldin fimmtudaginn 31. mars og góðgerðardagarnir fyrstu vikuna í apríl. Til stendur að safna styrkjum fyrir rauða krossinn í Úkraínu. Þá hefur peysusala gengið vel.

Næsti fundur er fyrirhugaður föstudaginn 6. maí kl. 11

Fundi slitið kl. 12:45

Fundarritari Sigursveinn Sigurðsson